



ÍSLANDBANKI HF. STARFSREGLUR TILNEFNINGARNEFNDAR

1 HLOTVERK OG MARKMIÐ

- 1.1 Hlutverk tilnefningarnefndar („nefndin“) er að tilnefna frambjóðendur til setu í stjórn („stjórnin“) Íslandsbanka hf. („bankinn“). Nefndin starfar á grundvelli heimildar í grein 4.4 í samþykktum bankans og 53. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.2 Markmið nefndarinnar er að:
- skapa vettvang til að koma framboðum til stjórnar á framfæri;
 - að meta hæfi einstakra frambjóðenda til að rækja hlutverk sitt;
 - að tryggja að sá hópur sem tilnefndur er í stjórnina hafi nægilega breidd hvað varðar þekkingu, reynslu og bakgrunn út frá stefnu, þörfum og starfsemi bankans; og
 - sinna öðrum þeim verkefnum sem kveðið er á um í 53. gr. laga nr. 161/2002 og tryggja að tilnefningar til kjörs í stjórn séu í samræmi við ákvæði laga og samþykktu bankans.

2 SAMSETNING NEFNDARINNAR

- 2.1 Um kjör nefndarinnar og samsetningu gilda ákvæði samþykktu félagsins og 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki.
- 2.2 Stjórn bankans er falið að ganga frá samningi við nefndina og sjá henni fyrir aðstöðu til starfa. Í skýrslu nefndarinnar skal gerð grein fyrir kostnaði vegna starfa hennar.

3 ÁBYRGÐ

- 3.1 Nefndin skal leggja fram tillögu um frambjóðendur til setu í stjórn bankans á aðalfundi bankans, eða öðrum hluthafafundum þar sem stjórnarkjör er á dagskrá.
- 3.2 Tilnefningarnefnd hefur meðal annars hliðsjón af tilnefningum hluthafa enda hafi viðkomandi hluthafi tilkynnt tilnefningarnefnd tilnefningar sínar með hæfilegum fyrirvara sem er eigi síðar en 30 virkum dögum fyrir aðalfund og 20 virkum dögum fyrir hluthafafund, nema að til fundarins hafi verið boðað með skemmri fresti.
- 3.3 Nefndin skal óska eftir tillögum frá hluthöfum um frambjóðendur í stjórn bankans með auglýsingu í fréttakerfi kauphallarinnar. Tilkynningin skal innihalda skýrar leiðbeiningar um hvernig hluthafar geta sent tillögur sínar og hvernig einstaklingar geta tilkynnt um framboð sitt, þar á meðal um viðeigandi framboðsfresti. Þessar leiðbeiningar skulu einnig birtar á heimasíðu bankans.
- 3.4 Nefndin skal síðan leggja til við hluthafana tillögu sína yfir þá frambjóðendur sem skulu sitja í stjórn bankans og birta tillögu sína ásamt öðrum framboðsyfirlýsingum samhliða fundarboði. Tillagan skal einnig tilgreina hvaða frambjóðandi skuli gegna starfi stjórnarformanns. Tillaga nefndarinnar um frambjóðendur skal send öllum hluthöfum eða gerð aðgengileg almenningi.
- 3.5 Tillögur nefndarinnar skulu hafa að geyma rökstuðning fyrir hæfi hvers frambjóðanda, með vísan til þessara reglna, samþykktu bankans og annarra viðeigandi reglna og leiðbeininga um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum.

- 3.6 Við framkvæmd starfa sinna skal nefndin taka tillit til hagsmuna allra hluthafa bankans.
- 3.7 Nefndin skal leitast við að tryggja að þeir frambjóðendur sem nefndin tilnefnir hafi sameiginlega næga þekkingu, kunnáttu, fjölbreytni og reynslu sem nauðsynleg er fyrir starfsemi bankans sem fjármálafyrirtæki. Við undirbúning tillagna um frambjóðendur til stjórnar bankans skal nefndin m.a.:
- (a) Meta frambjóðendur, byggt á hæfni þeirra, færni, reynslu og þekkingu samkvæmt gildandi reglum um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum.
 - (b) Meta óhæði frambjóðenda í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq Íslandi.
 - (c) Skilgreina hæfiskilyrði fyrir stjórnarsæti og meta þann tíma sem vænta má að stjórnaseti krefjist.
 - (d) Leitast við að koma á fjölbreyttri stjórn bankans og í þeim efnum fylgja samþykktum bankans, þar á meðal ákvæðum samþykktanna um jafnrétti kynjanna.
 - (e) Leitast við að koma í veg fyrir að einn einstaklingur eða lítill hópur einstaklinga verði ráðandi við ákvarðanatöku stjórnar á kostnað bankans í heild.
 - (f) Undirbúa og leggja fyrir viðeigandi hluthafafund, upplýsingar um niðurstöðu mats á hæfi og formlega tillögu um frambjóðendur til stjórnar, þar á meðal um formann stjórnar.
- 3.8 Tilnefningarnefnd skal, a.m.k. árlega, leggja mat á skipulag, stærð, samsetningu og árangur stjórnar og bankastjóra m.a. út frá sjálfs- og árangursmati sem stjórn hefur framkvæmt og viðtölum við einstaka stjórnarmenn og bankastjóra, og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á. Nefndin skal jafnframt meta, og gefa stjórn skýrslu um, þekkingu, hæfni og reynslu einstakra stjórnarmanna, stjórnar sem heild og bankastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.
- 3.9 Við framkvæmd starfa sinna getur nefndin aflað viðeigandi upplýsinga frá núverandi stjórn og undirnefndum stjórnar. Nefndin skal vera sjálfstæð í störfum sínum og hafa aðgang að fjármunum, ytri ráðgjöf og öðrum aðföngum sem hún þarf til að gegna störfum sínum.
- 3.10 Nefndin skal leggja mat á stefnu bankans um hæfi bankastjóra og stjórnenda sem svara beint til bankastjóra og gera tillögur að úrbótum til stjórnar þegar við á.

4 FUNDIR

- 4.1 Á fyrsta fundi sínum skal nefndin skipa formann og ritara.
- 4.2 Formaður skal sjá til þess að fundagerðabók sé haldin og þær fundargerðir skulu aðeins vera aðgengilegar nefndarmönnum, nema nefndin ákveði annað.
- 4.3 Að minnsta kosti tveir nefndarfundir skulu haldnir á hverju ári, en annars eins oft og þörf þykir.
- 4.4 Formaður skal boða til funda með nægum fyrirvara. Varamaður skal kallaður til ef aðalmaður getur ekki sótt fund, eða tekið þátt í meðferð einstakra mála, vegna forfalla, vanhæfis eða að eigin ósk. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fundinn. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum nefndarinnar en þegar atkvæði

eru jöfn ræður atkvæði formannsins málinu. Mikilvægar ákvarðanir má ekki taka nema allir nefndarmenn hafi haft tækifæri til að fjalla um málið.

5 TRÚNAÐUR

- 5.1 Nefndin skal hafa aðgang að viðeigandi upplýsingum og gögnum sem nefndin telur sig þurfa til að geta sinnt skyldum sínum, að því marki sem lög leyfa.
- 5.2 Allar upplýsingar um bankann sem nefndin hefur aflað eða útbúið þ.m.t. upplýsingar um starfsemi hans og athafnir, eru trúnaðarmál. Sama gildir um allar aðrar trúnaðarupplýsingar sem nefndin hefur sjálf aflað, móttengið eða útbúið.
- 5.3 Öll vinnsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við gildandi lög.
- 5.4 Trúnaðarskylda þessi helst þótt látið sé af störfum.

6 GILDISTAKA OG BIRTING

- 6.1 Bankinn skal birta nöfn nefndarmanna á vefsíðu sinni eigi síðar en hálfu ári fyrir aðalfund bankans.
- 6.2 Tillögur nefndarinnar skulu birtar á heimasíðu bankans.
- 6.3 Reglur þessar skulu birtar á heimasíðu bankans.

Samþykkt á aðalfundi Íslandsbanka hf. þann 21. mars 2024.